

130. löggjafarþing 2003–2004.
Þskj. 1359 — 653. mál.

Nefndarálit

um lokafjárlög fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar og í því skyni leitað skýringa hjá fjármála-
ráðuneyti varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir. Enn fremur var óskað eftir áliti frá Ríkis-
endurskoðun.

Breyting skv. 1. gr. frumvarpsins er 1.405 millj. kr. vegna frávika ríkistekna frá áætlun
fjárlaga og leiðir til hækkunar útgjalda ársins 2001. Afgangsheimildir og umframgjöld sem
falla niður skv. 2. gr. eru 6.755,2 millj. kr. Af þessu leiðir að heimildir ársins 2001 eru alls
236.705,4 millj. kr.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** óbreytt.

Alþingi, 30. mars 2004.

Magnús Stefánsson,
form., frsm.

Arnbjörg Sveinsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Birkir J. Jónsson.

Drífa Hjartardóttir.